

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigfúsar 24
 Árnasonar og Elínar Þorláksdóttur, Stöpum á Vatnsnesi, útgefin á venjulegan 23. marz
 hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. marz 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigfúsar Árnasonar og Elínar Þorláksdóttur,
 Stöpum á Vatnsnesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Sigfúsar Árnasonar og Elínar
 Þorláksdóttur, Stöpum á Vatnsnesi, og er hann stofnaður með gjöf nefndra hjóna
 að upphæð kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur —.

2. gr.

Sjóðurinn er eign heimagrafreitsins að Stöpum. Tekjur hans eru vextir, gjafir
 og annað, sem honum kann að áskotnast.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en vöxtum og öðrum tekjum hans skal
 verja til viðhalds, fegrunar eða endurbyggingar grafreitsins, eftir því sem stjórn
 sjóðsins telur rétt. Annars skulu vextir og gjafafé lagt við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þessir aðilar: Ábúandinn á Stöpum, formaður sóknar-
 nefndarinnar í Tjarnarsókn og sóknarpresturinn í Tjarnarprestakalli. Skal ábú-
 andinn á Stöpum vera formaður stjórnarinnar.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu eða annarri þeirri
 peningastofnun, sem stjórnin telur örugga. Skal hún halda gerðabók, þar sem inn-
 færðir séu reikningar sjóðsins svo og ákvarðanir, sem teknar eru varðandi fé hans.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir
 af þeim aðilum, sem endurskoða kirkjureikning.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi er samhljóða óskum stofnenda sjóðsins, sem undirrita
 hana og skal leita staðfestingar forseta Íslands á henni.

Stöpum, 19. marz 1960.

Sigfús Árnason.

Elín Þorláksdóttir.